



NÚVERANDI ÁSKORANIR

Lucas fékk nýlega fullorðins ADHD- og lesblindugreiningu. Hann hefur ekki greint vinnuveitendum sínum frá þessu. Hann leitaði fyrst faglegrar ráðgjafar þegar hann fann að hann gat ekki einbeitt sér eða klárað verkefni og þjáðist af langvarandi svefnleysi. Hann lýsir ADHD fyrir fólki sem skilur það ekki á eftirfarandi hátt: „Hugsaðu um heilann minn eins og tölvu, ég er að leita á síðum og ég er með hundruð flípa opna og hver þeirra sem er getur tekið orku mína og athygli og þá er ég búinn að gleyma hvað ég var að gera“. Stundum á hann erfitt með að einbeita sér í vinnunni og honum finnst hann mætti fá meiri stuðning. Honum var ráðlagt að upplýsa vinnustaðinn um greiningarnar til að nýta sér fjármögnuð úrræði sem kveða á um sanngjarna aðlögun á vinnustað og hann gæti auk þess fengið „leiðbeinanda“ til að hjálpa sér.

LUCAS

FORRITARI

ALDUR 24

KYN Karlmaður

ÞJÓÐERNI Breskur

FJÖLSKYLDUAÐSTÆÐUR Einstæður og býr einn.

STARF/FERILL Forritari hjá litlu hugbúnaðarfyrirtæki. Hann er í teymi sem athugar hagkvæmni forrita og farsímavænna vefsíðna. Hann er búinn með grunnnám og er að vinna að meistaranámi í netöryggi. Í frítíma sínum þróar hann öpp sem hann kynnir í hagnaðarskyni, rekur eBay fyrirtæki og er áhrifavaldur á Youtube með sína eigin rás sem nýtur vaxandi fylgis.

PERSÓNULEGAR SKOÐANIR UM JAFNRÉTTI KYNJANNA Hefur þónokkra þekkingu á réttindum fatlaðra en hefur litla þolinmæði til að kynna sér smáatriði.

VIÐHORF OG TILFINNINGAR

- Lucas vill fá viðbótarstuðninginn en hann er að böðlast með hvort hann eigi að vera opinbera þetta þar sem honum finnst hann „of ungur til að vera fatlaður“. Að styðjast við hjálpartæki lætur líta út fyrir að það sé eitthvað að honum. Greiningin gerði hann svolítið niðurdreginn, þetta er svolítið mikið að meðtaka en greiningin útskýrir líka margt. Suma morgna getur hann bara ekki byrjað á neinum verkefnum. Hann hefur séð samstarfsmenn flissa þegar hann er gripinn við að taka pantanir á eBay versluninni í vinnunni. Þeir skilja einfaldlega ekki ... ef hann fær eitthvað í kollinn, verður hann að bregðast við því.

HVATNING

- Lucas vill ná framgangi í vinnunni. Hann hefur skoðað starfslýsingu fyrir teymisstjóra (næsta þrep fyrir ofan hann) og telur sig vel hæfan til að sinna starfinu. Eina sem veldur honum áhyggjum er að teymisstjórar verða að skrifa skýrslur fyrir viðskiptavinum. Í síðasta ráðningarkerfi voru umsækjendur beðnir um að klára æfingu sem fólst í að forgangsraða verkefnum, skrifa tölvupósta og takast á við og svara fyrirspurnum. Hann yrði að skrifa skrifstafi. Venjulega notar hann villuleitar- og málfræðiathugunarvefsíður þegar hann skrifar texta þar sem hann getur ekki stafað, þess vegna myndi hann alltaf velja að skrifa á tölvu. Þetta myndi afhjúpa lesblindu hans og gæti komið í veg fyrir möguleika á stöðuhækkun.

VINNUAÐSTÆÐUR

- Lucas leiðist oft inn á hliðarspor með persónulegum verkefnum og samstarfsmenn og stjórnendur hafa tekið eftir því. Hann er að reyna að vinna í þessu en hann á mjög erfitt með að skipuleggja sig.
- Hann er meira en fær um að vinna sig upp í fyrirtækinu, en þarf líklega að fá betri skilning á starfi stjórnanda þegar kemur að mannauðsstjórnun. Hann þarf aukinn skilning á jafnrétti og sanngirni, bæði þegar kemur að honum sjálfum og öðrum. Hann hefur tilhneigingu til að tala ekki mikið við eldri samstarfsmenn þar sem hann dregst frekar að fólki á hans aldri. Samstarfsmenn hans hafa tekið eftir að hann missir oft af „punktinum“ og sniðganga hann stundum þar sem einbeitingarskorturinn getur valdið töfum á verkefnum.

Spurningar stjórnanda

- Hvernig nær ég jafnvægi milli þess að taka tillit til þarfa hvers og eins og kröfunnar um að verkefni séu kláruð innan tímamarka?
- Stefnan sem ég sá fjallaði um viðurkenningu og samþykki á mismunandi eiginleikum einstaklinga; þurfum við að bæta nánari upplýsingum við stefnuna um hvað er ásettlegt og hvað ekki?
- Hvernig tryggji ég jafnræði í teyminu? (Sumum finnst Lucas „komast upp með ýmislegt“).
- Hvaða færni þyrfti Lucas að bæta við sig til að hann eigi möguleika á framgangi innan fyrirtækisins?
- Mig grunar að hann gæti verið lesblindur en ég hef aldrei spurt – má ég spyrja?
- Er lesblindu talin fötlun?
- Hvert er hlutverk mannauðsdeildar í þessu öllu? Ég held að ég þurfi meiri stuðning þar sem ég er ekki nógu vel að mér í málefnum fatlaðra.
- Þurfum við að endurskoða ráðningar- og valferli til að vera án aðgreiningar og að hve miklu leyti?

Spurningar samstarfsfólks

- Af hverju má hann skila verkefnum seint en við ekki?
- Hvers vegna telur hann sig eiga rétt á að krefjast svona mikillar athygli frá stjórnendum?
- Hann er alltaf að biðja um viðræður um starfsferil sinn, spyrja þá út í ráðningar og val og vill fara á dýr námskeið. Af hverju fáum við ekki þessi tækifæri?
- Sumir eldri samstarfsmenn hafa verið dálítið pirraðir: „Þessi „snjókörn“ vilja alltaf vera sérstök og fá sérmeðferð. Fólk ætti að þurfa að leggja sig fram yfir lengri tíma áður en eftir því er tekið“. Hvers vegna er sí- og endurmenntunar styrkjum svona ójafnt úthlutað?



Spurningar einstaklingsins

- Á ég að opinbera ADHD-ið og lesblindu eða ekki? Bæði eða bara annað?
- Hvað græði ég á því?
- Hvernig munu aðrir líta á mig?
- Ég veit ekki hverju ég á rétt á. Hvað segja lögin?
- Aukinn stuðningur gæti hjálpað en hvernig mun það hafa áhrif á feril minn?
- Af hverju er samstarfsfólk svona leiðinlegt við mig?

Spurningar stefnumótenda

- Taka stefnur um fötlun ekki nægilegt tillit til þeirra áskorana sem felast í að opinbera ósýnilega fötlun?
- Fylgir stofnunin eftir starfsþróun þeirra sem opinbera og þeirra sem gera það ekki?
- Þjónar núverandi stefna í málefnum fötlunar þeim tilgangi sem henni var ætlað?
- Hvernig búum við til andrúmsloft inngildingar í teyimum?